



# ÖLFUS

## **Reglur vegna lóðarumhirðu eldri borgara og öryrkja er taka gildi sumarið 2016:**

Einungis verður boðið upp á garðslátt þrisvar yfir sumarið (júní, júlí og ágúst). Aðeins er slegið einu sinni á fjölbýlishúslóðum. Ekki verður boðið uppá áburðargjöf eða beðahreinsun.

### **Réttur til garðsláttar**

Miðað er við að slegnir séu garðar fyrir þá sem ekki geta séð um það sjálfir. Garðsláttur á vegum sveitarfélagsins tekur við þar sem getu umsækjanda og annarra heimilismanna sleppir. Heimilt er að óska eftir læknisvottorði. Alla jafna er boðið upp á garðslátt þar sem allir fullorðnir heimilismenn eru öryrkjar eða ellilífeyrisþegar en annars ekki. Réttur til garðsláttar miðast við garða þeirra húsa þar sem umsækjandi hefur fasta búsetu.

Ef óskað er eftir garðslátti vinsamlegast hafið samband við bæjarskrifstofur í síma 480-3800 eða fyllið út umsókn [hér](#)

Frekari upplýsingar veitir umhverfisstjóri í síma 899-0011 eða [david@olfus.is](mailto:david@olfus.is)